



Skólanefnd kom saman til fundar í fundarherbergi skólans mánudaginn 18. febrúar 2019 kl. 12.00. Undirritaðir mættir:

Dagskrá:

1. Skólahald vorannar
 - a. Nemendatölur
 - b. Mannahald
2. Niðurstöður ytra mats
3. Samstarf við Flugakademíu Keilis
4. Staða og kynning á skólanum
5. Fjármál
6. Önnur mál

Afgreiðslur:

Unnur Valborg og Aðalheiður Reynisdóttir boðuðu forföll. Gunnsteinn setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Iris áfangastjóri fór yfir nemendatölur vorannar 2019. Skiptingu nemenda eftir brautum, búsetu, aldri og einnig hversu margir brautaskrást frá skólanum í vor. Nemendur á vorönn eru 488. Skólameistari ræddi einnig um skiptingu nemenda og um breytingu á fjárveitingum til skólans. Kristján aðstoðarskólameistari sagði frá breytingum á mannahaldi á vorönn. Starfsmenn eru alls 56 í 47,6 stöðugildum. Þar af eru 40 kennarar í 35 stöðugildum. Aðrir starfsmenn eru 16 í 12,6 stöðugildum. Tveir nýjir starfsmenn hófu störf á vorönn, en tveir hættu störfum um áramót. Þrír starfsmenn eru í veikindaleyfi.
2. Skólameistari fór yfir niðurstöður skýrslu ytra mats, en hún er aðgengileg á heimasíðu skólans, fnv.is. Adolf kom með fyrirspurnir varðandi ytra matið, rætt var um skýrsluna. Gerð verður umbótaráætlun varðandi það sem betur má fara. Sæþór Már Hinriksson, formaður nemendafélags sagði frá starfi nemendafélagsins. Rætt var um að afla upplýsinga varðandi gengi brautskráðra nemenda frá skólanum.
3. Skólameistari greindi frá samstarfi við Flugakademíu Keilis varðandi leigu á herbergjum á heimavist FNV. Flugakademían leigir af skólanum 14 herbergi á heimavistinni fyrir nemendur og kennara.



4. Skólameistari ræddi um kynningu á skólanum og stöðu á þeim málum. Öllum grunnskólanemendum í 9. og 10. bekk á Nl. vestra var boðið í heimsókn í haust til að kynna sér skólann, einnig var þeim boðið í mat á heimavistinni og að sjá Grease leiksýningu nemendafélagsins, heimsóknin tókst í alla staði vel. Ljósmyndakeppni nemenda FNV er hafin og stendur til 17.mars. Allir skráðir nemendur skólans geta tekið þátt. Þema keppinnar er Fjör í FNV. Margar fleiri hugmyndir liggja fyrir. Árni Gunnarsson er að vinna auglýsingar til að setja inn í kvikmyndahús til kynningar á skólanum.
5. Guðrún fjárhaldsmaður fór yfir niðurstöðutölur vegna ársins 2018, rekstrarkostnaður var 646.856.749. Sértekjur eru 80.550.254. Gjöld samtals að frádrögnum sértekjum voru því 566.306.495. Afgangur árána 2017 og 2018, var því 37.458.025. Á síðasta fundi voru lögð fyrir áætlun um fjárlög 2019, en það er hækkun á þeim vegna innleiðingar á markaðsleigu á húsnæð í eigu ríkisins. En framlag ríkissjóðs er 687.800.000. Skólanefnd lýsti ánægju sinni með stöðu fjármála.
6. Önnur mál: Til stendur að mennta- og menningarmálaherra heimsæki skólann. Íris Helma sagði frá Erasmus ferð sem farinn var til Finnlands í síðasta mánuði.

Fleira ekki gert, fundi slitið,
Helga Sigurðardóttir fundarritari

Gunnsteinn Björnsson,
Ásta Pálmadóttir,
Guðný Axelsdóttir,
Kolbrún María Sæmundsd.
Kristján H.,
Guðrún Ottósdóttir,

Þorkell V. Þorsteinsson,
Gísli Sigurðsson,
A.H. Berndsen,
Sæþór Már Hinriksson,
Íris Helma Ómarsdóttir,
Sigríður Svavarsdóttir.